

Heilsustefna

Heilsubærinn Hafnarfjörður

Undirbúningur og framkvæmd

Hafnarfjarðarbær gekk til samninga við Embætti landlæknis þess efnis að taka þátt í verkefninu Heilsueflandi samfélag, verkefni Embættis landlæknis, þann 5. mars 2015. Ákveðið var að ráðast í mótun á heilsueflandi stefnu sem hefði áhrif á öll svið bæjarins, með öðrum orðum: Heilsustefnu Hafnarfjarðarbæjar. Stefnu sem tekur á stöðu mála og framkvæmdaþátta.

Lýðheilsufræðingur stýrði vinnu stýrihóps sem var skipaður starfsmönnum af öllum sviðum stjórnsýslunnar, tveimur bæjarfulltrúum og fulltrúa Markaðsstofu Hafnarfjarðar til að tryggja að allir aðilar og þjónustusvið hefðu sinn fulltrúa innan hópsins. Vinnan hófst með greiningu á tölfræðilegum upplýsingum og fyrirbyggjandi stefnum innan bæjarfélagsins. Tveir fundir voru haldnir með íbúum þar sem þeim voru gefin tækifæri til að hafa áhrif á stefnuna, markmið hennar og innihald. Áhrifaþættir heilbrigðis voru nýttir til viðmiðunar við söfnun gagna og greiningu og niðurstöður settar fram í skýrslu um heilsueflandi samfélag í Hafnarfirði. Verkefnisstjóri og stýrihópur skiluðu af sér skýrslu, aðgerðaráætlun og heilsustefnu sem hér er kynnt.

Vinna fór fram í tveimur hlutum. Fyrsti hlutinn var unnin frá 14. mars 2015 þegar unnin var greiningarskýrslan um heilsueflandi samfélag í Hafnarfirði. Stýrihópur var stofnaður sem samanstóð af eftirfarandi aðilum:

- Haukur Haraldsson, Fjölskylduþjónusta
- Berglind G. Bergþórsdóttir, Stjórnsýsla
- Björn B. Hilmarsson, Umhverfi og framkvæmdir
- Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, Fræðsluþjónusta
- Vigfús Hallgrímsson, Fræðsluþjónusta
- Elsa Jónsdóttir, Skipulagsþjónusta

Síðari hlutinn var unnin frá 14. júní 2016 og snéri að aðgerðaráætlun byggða á greiningarskýrslunni. Nýr stýrihópur var myndaður sem samanstóð af eftirfarandi aðilum:

- Árdís Ármannsdóttir, samskiptastjóri
- Andri Ómarsson, Fræðslu- og frístundaþjónusta
- Ása Sigríður Þórisdóttir, Markaðsstofa Hafnarfjarðar
- Borghildur Sölvey Sturludóttir, bæjarfulltrúi
- Fanney Dóróthea Halldórsdóttir, Fræðslu- og frístundaþjónusta
- Gunnþóra Guðmundsdóttir, Umhverfis- og skipulagsþjónusta
- Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi
- Inga Fríða Tryggvadóttir, Fjölskylduþjónusta
- Sjöfn Guðmundsdóttir, Fjölskylduþjónusta
- Sverrir Jörstad Sverrisson, bæjarfulltrúi

Haldnir voru 6 vinnufundir þar sem aðgerðaráætlun var mótuð og út frá því skrifuð heilsustefna Hafnarfjarðar.

Heilsubærinn Hafnarfjörður

Heilsustefna - yfirmarkmið

Hafnarfjarðarbær ásetur sér að stuðla að aukinni vellíðan íbúa með heilsueflandi aðgerðum til frambúðar.

Þrjú meginmarkmið heilsustefnu

M-1 Efla vellíðan íbúa

Til að efla sjálfsmynd og vellíðan þarf að styrkja stoðir og hvetja alla aðila samfélagsins til að hafa áhrif, hvort sem um ræðir starfsfólk, foreldra eða aðra hlutaðeigandi. Samstarf við hagsmunaaðila er mikilvægt við nánari útfærslur á aðgerðum og upplýsingagjöf um þjónustu og lausnir er mikilvægur hlekkur í heildarmyndinni. Þannig er náð samstarf við alla aldurshópa lykillinn að árangri.

M-2 Efla opin svæði og göngu- og hjólastíga

Upplýsa þarf betur um þá útivistarmöguleika sem standa til boða í Hafnarfirði og í jarðri bæjarins og stuðla þannig að hreyfingu og útivist. Unnin verður heildarstefna um göngu- og hjólastíga og stuðlað að einfaldari og skýrari merkingum, samhliða því að gera kort að göngu- og hjólaleiðum innan bæjarins aðgengilegri. Tryggja þarf aðgengi fyrir alla á opnum svæðum og göngustígum og góða tengingu stíga við önnur bæjarfélög. Snjómokstur á gönguleiðum í leik- og grunnskóla bæjarins skal vera í forgangi svo tryggja megi að börn geti alltaf gengið í skólann.

M-3 Jafna aðgengi og hvetja íbúa til að neyta hollrar fæðu

Vinna þarf að fræðslu og tryggja jöfnuð í aðgengi að hollri fæðu í mannvirkjum og stofnunum á vegum bæjarins. Tryggja þarf aðgengi að vatni og fjölbreyttu fæðuvali á öllum stofnunum bæjarins. Bærinn á að vera til fyrirmyndar í þessum efnum og öðrum hvatning. Einnig er verðugt að leggja áherslu á aukna ræktun matjurta meðal íbúa með ýmsum leiðum.

Minnisblað

Heilsustefna Hafnarfjarðarbæjar stuðlar að lýðheilsuvænu sveitarfélagi. Stefnan byggir á þekkingu, rannsóknum og samtali og mun nýtast öllum sviðum bæjarins.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnun hefur sett fram markmið um að stefnumótandi aðilar vinni að því að heilsa sé höfð að leiðarljósi í allri stefnumótun (e. Health in all policies). Með Heilsustefnu Hafnarfjarðarbæjar er unnið í þá átt sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnun mælir með.

Verkefnið verður vistað á stjórnsýslusviðs bæjarins. Til að tryggja stefnunni brautargengi þarf að skipa verkefnastjóra innan stjórnsýslu til að stýra áframhaldandi vinnu.

Hlutverk verkefnisstjóra:

- Stýra og halda utan um vinnu starfshóps sem vinnur þvert á öll svið
- Utanumhald um verkþætti og framvindu verkþátta í samvinnu við starfshóp
- Utanumhald um efni fyrir heimasíðu og vefmiðla
- Vinna með spurningavagna sem eftirfylgni stefnunnar
- Vinna með niðurstöður rannsókna á sviði heilsu
- Vinna með hagsmunaaðilum á vettvangi
- Vinna með umsóknir í lýðheilsu- og samstarfssjóði vegna styrktarumsókna
- Vinna upplýsingagjöf samfélagsmiðla, vefmiðla og bækjarblaða
- Sinna samstarfi við Markaðsstofu og samskiptastjóra um upplýsingamiðlun
- Vinna í samstarfi við Embætti landlæknis og rannsakendur á sviði lýðheilsumála